



Moskva – verðlag og framfærslukostnaður

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dómsmálaráðherra – Menntamálaráðherra – Sendiráð Íslands í
Moskvu – Greinargerð um verlag í Moskvu 28.3.56

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-20, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Frá utanríkisráðuneytinu.

28. marz 1956

O.14.
1 samrit

Nr. 99
VERÐLAG OG FRAMFÆRSLUKOSTNAÐUR
Í MOSKVA

Í byrjun þessa mánaðar tók sendiráðið saman til fróðleiks greinargerð um verðlag og framfærslukostnað í Moskva. Greinargerð þessi fer hér á eftir, enda þótt sendiráðinu sé ljóst, að hún er að ýmsu leyti ófullkomin og í mörgu ábótavant.

Engar obinberar skýrslur eru til um smásöluverð í Moskva eða annarstaðar í landinu, en tiltölulega auðvelt er að fá upplýsingar um verð á matvöru með því að ganga gegn um matvöruverzlunirnar, þar sem verðmiðar eru við flestar vöfurnar. Hér skulu tiltekin verð á nokkrum matvörum í verzlunum hins obinbera í ársbyrjun 1956. Til samanburðar eru tilfærð nokkur verð á matvörum í Reykjavík í desember 1955 samkvæmt Hagfróindum. Fyrri verðin eru tiltekin í rúblum, en hin síðari í krónum. Í einni rúbla eru rúmlega 4 krónur.

Smásöluverð

	<u>í Moskva</u> rb.	<u>í Reykjavík</u> kr.
<u>Kjöt og kjötvörur.</u>		
kindakjöt, pr.kg.	14,00	
" súpukjöt, pr.kg.	11,00	23,55
nautakjöt, pr.kg.	15,00	44,00
" súpukjöt, pr.kg.	12,10	23,65
svínakjöt, pr.kg.	15,80 - 21,50	
"bacon", pr.kg.	23,10 - 28,40	
kjúklingar, pr.stk.	19,00	
Kúrapatka, (líkt rjúpu), pr.stk.	5,60	
Gæs, pr.kg.	15,00 - 16,00	
Kalkún, pr.kg.	25,30	
vínarpylsur, pr.kg.	16,70	25,20
ýmsar pylsur, pr.kg.	22,00 - 41,00	

Fiskmeti.

Fryst þorskflök, (ísl.), pr.kg.	7,70	
" karfaflök (ísl.), pr.kg.	12,50	
" "som"-flök (líkt steinbít) pr.kg.	15,00	
þorskur, hausaður, smár, pr.kg.	5,50	2,10
saltsíld, smá með haus, pr.kg.	9,40	
"Atlantshafs"-saltsíld, með haus pr.kg.	17,40	
" " hausuð, pr.kg.	20,40 - 23,90	
kavíar, svartur, pr.kg.	100 - 150	
" rauður, pr.kg.	37,00	

nríkisráðuneytið,

Reykjavík.

	Rb. í Moskva	Kr. í Reykjavík
<u>Mjólk, feitmeti, egg.</u>		
nýmjólk í flöskum, pr.l.	3,10	3,37
nýmjólk í lausu máli, pr.l.	2,90	3,22
rjómi, 10%, í flöskum, pr.l.	11,00	
stúrrjómi ("smetana") pr.kg.	15,50	
Smjör, pr.kg.	27,00 - 30,00	36,15
smjörliki, pr.kg.	15,20 - 18,30	5,20
mjólkurostur, ýmsar teg. pr.kg.	25,00 - 39,00	21,25 - 31,10
egg, 10 stk.	10,50	
eggjaduft, pr.kg.	44,00	

Ávextir og kartöflur.

Epli, ný, pr.kg.	8,00 - 9,00	11,50
sítrónur, pr.stk.	2,75 - 3,50	
appelsínur, pr.kg.	16,50	
kartöflur, l.fl. pr.kg.		1,40
" , lélegar, pr.kg.	1,00	

(l. fl. kartöflur fást yfirleitt ekki í verzlunum hins obinbera)

Nýlendumörur o.fl.

strásykur, pr.kg.	9,40	3,32
molasykur, pr.kg.	10,70	
kaffi brennt og malað, pr.kg.	35,50 - 43,50	40,00
kaffibaunir, óbrenndar, pr.kg.	35,00	26,50
kaffibaunir, brenndar, pr.kg.	41,00	
te í pappírsumbúðum, pr.50 gr.	3,00 - 3,80	
té í dósum, pr. 50 gr.	6,15 - 6,45	
matarsalt, pr.kg.	0,58	
bjór, pp. ½ l.	3,65 - 5,15	
"sítrón" pr.½l.	2,15 - 3,70	
sætindi og konfekt, pr.kg.	10,50 - 37,00	
konfektskassi , 700 gr.	67,20	
" 1,6 kg	160,00	
vodka, góð teg. pr. ½ l.	24,70	
könjak, pr.½ l.	30,00 - 63,00	
rauðvín, pr. ½ l.	12,40 - 18,50	
hvítvín, pr.½ l.	13,00 - 15,00	
kampavín, venjuleg flaksa	26,00 - 39,20	
sígarettur, pr. 20 stk.	2,10 - 7,10	
eldspýtustokkur	0,08	
handsápa, pr. stkl	1,40 - 10,00	
kol, heimkeyrð, pr. tonn	214,00 - 216,00	670,00

Hvað matvöru snertir, er þess að gæta, að almenningur kaupir talsvert af mat utan verzlana hins obinbera, þ.e. á markaðstorgunum, þar sem bændur selja vörur sínar. Sumar matvörur fást aldrei í verzlunum, eins og t.d. kálflakjöt, og aðrar vörur fást þar mjög sjaldan, eins og t.d. grænmeti. Síðast liðið haust fékkst þó talsvert af grænmeti í verzlunum í Moskva, en fram að þeim tíma hafði það aðeins fengist á markaðstorgunum.

Matvara er yfirleitt dýrari á torgunum en í verzlunum. En úrval er þar meira, og þar losna menn við að standa klukkustundum saman í þrengslum og bíröðum eins og algengt er í verzlunum.

Oft er mjög lítið um kjöt í verzluninum, og stundum er kjötið þar aði lélegt að gæðum. Sem fyrr segir fæst þar yfirleitt ekki grænmeti (nema helzt kartöflur, og þá yfirleitt lélegar), og ávextir fæst þar ekki nærri alltaf, og þá í mjög litlu úrvali (venjulega 1-3 tegundir) í mjólkurbúðunum er mjólk einnig mjög takmörkuð, og auk þess ekki bragðgöð (líklega vegna lélegra hreinsunarvéla). Margir kaupa því mjólk á markaðnum, þó að hún sé þar dýrari og óhreinsuð (oft mjög óhrein).

Verð á markaðstorgum er mjög breytilegt frá einni árstíð til annarar, stundum frá degi til dags, og jafnvel frá morgni fram á miðjan dag. Segja má, að verðlag sé þar algerlega frjálst, og ákveðist aðeins af framboði og eftirspurn.

Sendiráðið hefir ekki við hendina upplýsingar um verð á markaðnum nú, er þetta er skrifað, en til að gefa einhverja hugmynd um markaðsverðið, skulu tilfarð hér nokkur verð, sem skrifað voru niður á aðalmarkaðstorginu í Moskva 4. júlí og um miðjan september 1955:

Verð á "sentral"-markaðnum í Moskva 1955.

		<u>4. júlí</u>	<u>ca. 15. september.</u>
Kálfakjöt, pr. kg.	Rb.	22 - 28	
svínakjöt, pr. kg.	"	23	
kjúklingar, pr. stk.	"	16 - 20	
nýr vatnafiskur, heill	"		
" " smár, pr. kg.	"	12	12
" " starri, pr. kg.	"	20	30
egg, pr. 10 stk.	"	13	
epli, lítil og ljót, pr. kg.	"	40	
tómatar, pr. kg.	"	30	
gulrætur, pr. kg.	"	15	3
gúrur, pr. kg.	"	20	
hvítkál, pr. kg.	"	6	
kartöflur, pr. kg.	"	1,50	2
blómkál, pr. stk.	"		5
vínber, pr. kg.	"		20

Hið háa verð á grænmeti í byrjun júlí stafaði af því, að vörur þessar voru þá nýfarnar að koma á markaðinn (nema kartöflurnar sem voru gamlar). Þegar líður á sumarið fer verð á grænmeti lækkandi eins og sést t.d. hér að framan varðandi gulræturnar, sem lækkuðu úr rb. 15 pr. kg. ofan í rb. 3,- frá því í byrjun júlí og fram í miðjan september. Verð á kartöflum er oft í kringum rb. 10, þegar þær koma fyrst á markaðinn á sumrin, en lækkar nokkuð fljóttlega ofan í rb. 2-4,-. Verð á markaðnum er yfirleitt herra kringum helgar en á virkum dögum, og fyrir stórhátíðir eins og 1. maí og 7. nóvember stórhækkar verðið þar á sumum vörutegundum.

Segja má, að ávalt sé hægt að fá nægan mat í Moskva, þ.e. að enginn þurfi að svelta af því að mat skorti í borginni, en oft er úrvalið með lítið, t.d. lítið af kjöti, mjólk, grænæti, ávöxtum o.fl. Annarstaðar í landinu mun ástandið þó vera lakara. Er þetta t.d. viðurkennt í ræðu, er Khrúschov, aðalritari kommúnistaflokksins flutti á flokksþinginu fyrir skömmu. Hann sagði m.a.: "..... framleiðsla á mörgum þýðingarmiklum matvörum og iónaðarvörum er enn ekki nægilega mikil til að meta hinni vaxandi eftirspurn í landi okkar. Sumar borgir og byggðarlög fá enn ekki nægilega mikið af mat eing og kjöti, mjólk, sajóri og ávöxtum, til dæmis, og sumstaðar vantar jafnvel kartöflur og grænæti.....".

Nýlega hafa verið birtar tilskipanir frá ríkisstjórninni og flokknum um ráðstafanir til að auka framleiðslu á mjólk og mjólkurvörum, og kartöflum og grænæti. Þær ráðstafanir eru aðallega fólgnar í hærri greiðslum til framleiðendanna en áður.

Verðlag fór lakkandi í Moskva frá því að skömmtun var afnumin í árslok 1947, og fram til 1954, bæði á matvörum og öðrum vörum. Voru ávalt auglýstar verðlækkunir á vorin, yfirleitt kringum 1. marz. Síðasta verðlækkunin var auglýst 1. apríl 1954. Áttu þá fýsjar iónaðarvörur að lækka í verði, yfirleitt um 10-15%, og verð á brauði og mjóli um 5%. Ekki voru birtar þá freður en endranar neinar skýrslur um verðlag, heldur einungis um það, hve marga hundruðshluta hver vöruflokkur skyldi lækka í verði. Síðan 1954 hafa engar verðlækkunir verið auglýstar, og ekki mun eiga að lækka verð heldur á þessu ári, sbr. áður nefnda ræðu Khrúschovs á flokksþinginu. Til að gefa nokkra hugmynd um lækkun verðlagsins á matvörum síðan 1947 skal eftirfarandi dæmi tilfært.

Í skýrslu frá þessu sendiráði nr. 2, 8. jánúar 1948 er gerð áætlun um mánaðarleg matvæla kaup fyrir einstaklinga, þ.e. fyrir fulltíða mann í venjulegri verkamannafjölskyldu í Moskva. Verð þessa áætlaða mánaðarskamts var þá kringum rb. 430,-. Sami skammtur mundi nú kosta um rb. 240-300. Samanburðurinn lítur þannig út:

	Áætlaður mán. skammtur	Rbl. pr. kg.		Samtals	Samtals
		1948	1956	1948	1956
rúgbrauð	7,5 kg.	3,40	1,48	25,50	11,10
franskbrauð	7,5 "	5,00	4,94	37,50	37,05
smjör	1,5 "	60,00	28,00	90,00	42,00
kjöt	2,0 "	30,00	15,00	60,00	30,00
fiskur	3,0 "	15,00	7,70	45,00	23,10
sykur	3,0 "	15,00	9,40	45,00	28,20
kartöflur	30,0 "	1,00	1,00	30,00	30,00
te	50 gr.	160,00	60,00	8,00	3,00
kornvörur	6,0 kg.	12,00	5,00	72,00	30,00
mjólk	2 lítrar	8,00	2,90	16,00	5,80
				<u>429,00</u>	<u>240,25</u>

Ekki skal tekin afstaða til þess hér, hvort þessi áætlun um mánaðarleg matarkaup er nærri lagi. Damið er aðeins tekið til að sýna verðsamanburðinn. Einnig er verðsamanburðurinn að sjálfsögðu ekki nákvæmur þar sem ekki er vitað, hvaða gæðaflokka fyrir hverja matartegund samskiðið hefir miðað við 1948. Séu teknir dýrustu verðflokkarnir fyrir smjör, kjöt, fisk og te 1956, hækkar heildarverðið úr rb. 240,25 upp í nær rb. 300,--. Samt má segja, að um talsverða verðlækkun sé að ræða. Bent skal á, að hér að ofan er miðað við verðið í verzlunum hins obinbera. En þegar vörurnar ekki fást í verzlunum, verður fólk að fara á markaðinn til að kaupa greindar vörur, og þá oft á talsvert herra verði. Seinustu árin fást þó ofangreindar vörur yfirleitt í verzlunum, nema helzt ýmsar kjöttegundir. Einnig skal tekið fram, að verðlag á kartöflum mun vera hér heldur herra seinustu árin en það var fyrir 1950.

Eins og fyrr segir hefir verðlag ekki lækkað síðan 1954. Ef nokkuð er, virðist verð fremur hafa hækkað. Ekkert hefir þó verið birt hér obinberlega um neinar verðhækkningar, en í viðtölum við Moskvabúa hefir komið fram, að verð á sumum iðnaðarvörum hefir hækkað nokkuð, og auk þess hækkaði matvara nú um síðustu áramót. Í blaðinu "Soviet-verzlun" (kemur úr þrisvar í viku) birtist hinn 29. desember s.l. grein, þar sem frá því er skýrt, að frá og með 1. janúar 1956 verði fækkað verðflokkunum fyrir fjölmargar matvöruhegundir, og sé það gert til að auðvelda verðreikninga og eftirlit. Eru síðan taldar upp ýmsar matvörur, og lýst, hvernig fækka eigi verðflokkunum fyrir hverja um sig. T.d. segir, að fiskur skuli framvegis aðeins seljast í tveimur verðflokkum (í einstöku tilfellum þremur), en áður hafi ýmsar fisktegundir verið seldar í 6 verðflokkum (úrvalsfiskur, stór fiskur, miðlungs fiskur, smár fiskur, "ósorteraður" fiskur og "smækli"). Hvað síld snertir, segir, að framvegis skuli vera sama verð á síld, sem söltuð er í ker, og þeirri, sem söltuð

er í tannur (áður var lægra verð á hinni fyrrnefndu). Einnig er verð-flokkun á síld fækkað. T.d. segir, að framvegis skuli aðeins vera 3 verð á Kaspískahafssíld, - þ.e. á stórrí síld, millisíld, og smásíld, en áður hafi verið verið sex. - Hvað stimpluð egg snertir, segir, að framvegis skuli aðeins vera á þeim tvö verð, en áður hafi eggjunum verið skipt í úrvalsegg, venjuleg egg og smá egg, og venjulega eggjunum síðan í fyrsta, annan og þriðja flokk, allt mismunandi verð. Samskonar breytingar eru gerðar verðandi kjöt, fuglakjöt, niðursuðuvörur, osta oss. frv.

Ekki var skýrt frá þessum breytingum í dagblöðunum í Moskva. Þó leiddu þær til nokkurra verðhækkana, því að fyrir þessar vörutegundir voru felldar niður ódýrustu verðflokkarnir. Um leið virðist takiferið hafa verið notað til að hækka beinlínis sumar vörur í verði. T.d. hækkaði verð á íslenskum þorskflökum um 10% (úr rb. 7,00 upp í rb. 7,70) og verð á íslenskum karfaflökum hækkaði úr rb. 10,40 upp í 12,50.

Um verðlag á öðrum vörum en matvörum er erfiðara að gefa upplýsingar þarð oft eru til all mismunandi gerðir af hverjum hlut, með mismunandi verði. Hér skal þó gerð eftirfarandi upptalning:

Fatnaður

Karlmannaföt úr ull	rb.	1165 - 1880
" úr "cheviot"	"	700
kvenkjólar	"	170 - 850
kvöldkjólar	"	800 - 1450
kvenpels úr moldvörpuskinni	"	1550 - 1795
barna-pelsar	"	135 - 700
kvenragtir	"	1060 - 1260
kvenkápur	"	400 - 1265
" með skinnkraga	"	1425 - 3900
kvenhattar	"	40 - 135
karlanna leðurskór	"	188 - 275
" " með hrágúmmisólum	"	400
leðurskór, skinnfóðraðir, öklaháir	"	700
kvenskór	"	60 - 315
"bomsur" (kven-)	"	65 - 95
skóhlífur	"	30
karlmannasokkar	"	5 - 11
"kapron" kvensokkar (líkt nylon)	"	16 - 32
karlanna vetrafrakkar	"	1400 - 1950
karlmannaskyrtur, mislitar	"	60 - 225
náttföt	"	265

Þasar vörur

ísskápur, gasknúinn, mjög lítill	2	680
" rafmagns, lítill	"	1500 - 2000
bónvél	"	331
þvottavél, mjög lítill og gamaldags.	"	750
" smáleg	"	2250
prímus	"	35 - 50
katlar, könnur, pottar o.s.frv.	"	

Ofangreindar verðupplýsingar eru fengnar með því að ganga gegn um GUM, stærstu verzlunina í Moskva, og skrifa niður verðin. Ymist eru þar verðmiðar við vörurnar eða verðlistar á veggjum. Verðin eiga að vera hin sömu í öllum verzlunum borgarinnar. Vel getur þó verið, að til sé ódýrari fatnaður en að framan er greint, og jafnvel dýrari líka.

Síðustu árin eða misserin koma stundum erlendar vörur í verzlunirnar hér í Moskva, einkum frá Tékkósllovakíu, Ungverjalandi, Póllandi o.s.frv. Sva sem fatnaður, vefnaðarvara, skófatnaður, postulín, glervörur o.fl. Vörur þessar eru yfirleitt vandaðri og smekklegrri en samskonar vörur sem hér eru framleiddar, og það einkennilega er, að þær virðast oftast seldar á lægra verði en innlenda framleiðslan. Mikil ós er að sjálf-sögu í verzlununum, þegar slíkar erlendar vörur koma, og seljast þær fljótt upp. (Í verzlununum hér er raunar alltaf mikil ós).

Allaikið er í borginni af svo nefndum "kommissions"verzlunum, þar sem notaðir eða gamlir munir eru seldir, svo sem fatnaður, húsgögn, skrautmunir o.fl. Heyrzt hefir, að síðustu mánuðina hafi verið í þessum fornsöllum lækkað nokkuð, og bendir það til þess, að meira framboð sé en áður á samskonar vörum í öðrum verzlunum, og að verið hafi eitthvað lækkað þar. Ekki er ólíklegt, að þetta stafi að einhverju leyti af auknum innflutningi þessara vara frá nágrannalöndunum, einkum fatnaðar.

Greiðsla fyrir húsnæði er ekki mikill þáttur í útgjöldum Moskvabúa, enda búa þeir lélega. Sama mun gilda um borgarbúa annars staðar í landinu. Meginreglan virðist vera sú, að hver fjölskylda bái í einu herbergi, með aðgangi að eldhúsi. Og yfirleitt virðast húsin sjálf léleg og illa farin. - Í Moskva hefir aldrei verið byggt eins mikið og nú síðustu misserin, - hvar sem maður fer í útjæðri borgarinnar, er verið að byggja, - en ekkert dugar. Í áður nefndri ræðu Khnúshchovs á flokkspinginu segir, hann, að á síðast liðnum 5 árum hafi verið byggt í Moskva 4.305.00 fermetrar af húsnæði, en á sama tíma hafi fjölgað í borginni um 300.000 manns, aðeins vegna fólksflutninga til borgarinnar. Spakvæmt þessu hafa nýbyggingarnar rétt nægt til að veita hverjum aðfluttum manni eitt herbergi, um 14 fermetra stórt, og er þá ekkert eftir handa þeim, sem bætast við vegna venjulegrar fjölgunar, og ekkert til að bæta upp það húsnæði, sem hverfur vega niðurrifs eða bruna.

Húsaleiga er lág, og miðast leigan fyrst og fremst við fermetra-
fjölda íbúðarinnar, en einnig við tekjur leigjandans, stöðu hans o.fl.
Ef menn hafa tekjur, sem eru undir rb. 400,- á mánuði, er greiðslan
aðeins nokkrar kópekur fyrir hvern fermetra, en séu tekjurnar hærri, er
leigan 1-2 rb. pr.fermetra. Hafi maður húsnæði, sem er stærra en venju-
legt "norm", er greidd hlutfallslega há leiga fyrir það, sem umfram er,
nema um sé að ræða menn í sérrettindaflokkum eins og vísindamenn, menn
í vissum ábyrgðastöðum o.s.frv. Hið venjulega "norm" mun vera nálægt
10 fermetrum á mann, en algengt er, að menn hafi miklu minna húsnæði. Í
"normi" þessu munu aðeins talin íbúðarherbergi, en ekki eldhús, WC o.s.frv.
Upphitun er innifalin í leigunni, en sérstök gjöld eru fyrir rafmagn, vatn
gas, og eins ef menn hafa útvarpstæki, sjónvarpstæki o.s.frv. Símaafgjald
er rb. 110,- á ársfjórðungi, eða tæplega rb. 37,- á mánuði, en tiltölulega
fáir virðast hafa síma.

Hvað skattgreiðslur snertir, kemur aðallega tekjuskattur til
greina. Enn munu vera notaðir sömu skattstigir og þegar skýrsla þessa
sendiráðs nr. 186 frá 2. desember 1946 var skrifuð, þ.e. nokkurn veginn
þannig:

Af 300 rb. mánaðarlaunum	er greitt ca.	3,6 %
" 500 "	" " "	5%
" 1000 "	" " "	7,6 %

Af launum yfir 1000 rb. á mánuði er greitt rb. 83 + 13 % af því, sem
er umfram 1000 rb.

Fyrir rithöfunda og listamenn, sem eru yfirleitt mjög tekjuháir,
gilda sérstakar reglur um skattgreiðslur. Þar er t.d. skattur af 100.000
rb. árstekjun ca. 17 % og af 3000000 rb. árstekjun ca. 32 %.

Fyrir þá sem vinna sjálfstætt, t.d. utan síns aðalstarfs (eins
og ýsír lækna o.fl.), er skattstigin enn hærri, hvað aukatekjurnar
snertir, þ.e. 15-19% af 12.000 rb. árstekjun, 38-43% af 70.000 rb. árs-
tekjun o.s.frv.

Um skattgreiðslur þeirra, sem landbánað stuðna, gilda sérstakar
reglur.

Ekki er um neinn eignarskatt að ræða, og ekki útsvör. Hinsvegar
má nefna barnleysisskattinn. Barnlaus karlmaður á aldrinum 20-50 ára,
og kona á aldrinum 20-45 ára, sem engin börn á, greiðir 6% af tekjunum
í viðbót við tekjuskattinn. Sá sem eitt barn á, greiðir 1%, og sá sem

tvö börn á, greiðir 0,5%. Þeir sem fleiri börn eiga, muna fá greiðslur með börnunum frá ríkinu.

Skattar eru lagðir á hvort hjóna um sig. Innheimta skatta mun allsstaðar, þar sem því verður við komið, fara þannig fram, að fyrirtæki eða stofnun, þar sem maður vinnur, dregur frá útborguðum launum vikulega eða mánaðarlega fyrir sköttum.

(Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1955 voru tekjur ríkisins af beinum sköttum áætlaðar 8,2% af ríkistekjunum, eða um 48,4 þúsund milljónir rúblna, og samkvæmt fjárlögum fyrir 1956 eru beinir skattar áætlaðir 8,5% af ríkistekjunum, eða um rb. 50.300 milljónir).

Í sambandi við skattana er rétt að minnst á innanríkislánin, sem tekin eru á hverju ári. Á árunum eftir stríðið voru þau um 20 þúsund milljónir rúblna á ári, en fóru vaxandi eftir 1950 og komust upp í 42.500 milljónir árið 1952. Eftir dauða Stalíns lækkuðu þessar lántökur aftur, og komust ofan í rb. 15.900 milljónir árið 1954. Síðan hafa lánin aukist á ný, og samkvæmt fjárlögum fyrir 1956 eiga þau að nema rb. 32.200 milljónum. Tekið er fram, að á þessu ári munu endurgreiðslur á eldri lánun og vinningar nema samtals um 14. þúsund milljónum rúblna. Öll lánin eru harpdrættislán og yfirleitt tekin til 20 ára.

Að nafninu til er það frjálst, hvort menn kaupa skuldabréf eða ekki en áróður er mikill fyrir því, að menn kaupí þau, og muna fáir þora að skerast úr leik. Í framkvæmd er þetta svo, að menn skrifa sig fyrir ákveðinni skuldabréfa-upphæð, og borga hana á 10 mánuðum. Þannig að dregin er frá launum þeirra viss upphæð á mánuði. Venjulega skrifa menn sig fyrir upphæð, sem nemur 3-4 vikna launum, nema 1953 og 1954, þegar lánin voru lægri. Segja má, að fyrir ungt fólk, sem nýbyrjað er að vinna komi ríkislánin út sem skattur, en því fleiri ár, sem menn hafa keypt bréfin, því meir nálgast það, að endurgreiðslur og vinningar jafnist á móti nýjum lánun.

Öll læknáshjálp er ókeypis, ef maður fer til læknis þess hverfis, sem maður býr í, eða til læknis þess fyrirtækis, sem maður vinnur hjá, og einnig ef maður fer til þeirra sérfræðinga, sem þessir læknar vísa á. En vilji maður fara til annara lækna, er það yfirleitt mjög dýrt. Sjúkrahússvist var allt fram á s.l. ár ókeypis, en þá var gert sú breyting að greiða verður matarpeninga. Lyf eru yfirleitt ódýr. Lyf á sjúkrahúsum eru ókeypis.

Engar óbínberar skýrslur eru til um launagreiðslur í Sovétríkjunum, en segja má, að tekjur verkamanna og iðnaðarmanna séu yfirbætt frá 250 ráblum á mánuði upp í 2.500 ráblar. Til eru þegar þjófþéttagsins, sem hafa margfalt hærri laun, eða allt upp í rb. 20.000-30.000 á mánuði.

Almennt mun vera talið, að meðallaun í Sovétríkjunum séu nálægt rb. 700 á mánuði (fyrir 48 stunda vinnu á viku). Launakerfið í landinu mun vera ákaflega flókið og ruglingslegt. Nefnd er nú starfandi til að endurskoða launakerfið, bæði tímakaup, mánaðarkaup o.s.frv. og einnig ákvæðisvinnutaxta, og er sérstaklega rætt um, að hækkað verði laun þeirra sem minnst fá. Auk þess hefir nú verið boðað, að bráðlega verði vinnudagurinn stytur um 2 klst. daginn fyrir hvíldardaga og hátíðisdaga, og að á árinu 1957 verði vinnutíminn stytur ofan í 7 stunda vinnudag, með óbreyttum launum. Einnig er lofað endurskoðun á ellilífeyri og öðrum greiðslum frá almannatryggingunum, en slíkar greiðslur munu hafa verið mjög ófullnægjandi á ýmsum sviðum. Einnig er lofað bætta vinnukjörum fyrir kvenfólk, en sem kunnugt er verður svo til allt kvenfólk í Sovétríkjunum, hvort sem það er gift eða ógift, að stunda atvinnu utan heimilisins. Þegar haft er í huga, að mikill hluti kvenfólks verður auk þess að vinna heimilisstörf, eignast og annast börn o.s.frv., má segja, að kjör kvenfólks í Sovétríkjunum séu miklu effiðari, en karla (um þetta ræddi heilbrigðismálaráðherra Sovétríkjanna, frá Kovrígina, á þingi kommúnistaflokksins um daginn).

Þegar athugað er afkösa manna í Sovétríkjunum, verður einnig að hafa þetta í huga, að hjón vinna bæði áti. Konur fá greidd sömu laun og karlar fyrir sömu vinnu.

Viðskiptamálaráðuneytinu er sent afrit af þessu bréfi þessu.